

1. maí ræða 2015 Reykjavík

Árni Stefán Jónsson formaður SFR stéttarfélags í almannajónustu

Ágæta fundarfólk.

Við berum rauðan fána hér í dag. Fána verkalýðshreyfingarinnar sem táknað uppreisn gegn ranglæti - kröfu um breytingar.

Réttlátara þjóðfélag!

Fáninn merkir að nú sé nóg komið!

Er tákn dagrenningar – nýrra tíma!

Við boðum slíka tíma í dag:

Tíma samstöðu,
tíma uppbyggingar,
tíma heiðarleika,
tíma jafnréttis,
tíma skynsemi,
tíma réttlætis!

En það eru blikur á lofti. Óveðursskýin hrannast upp við sjóndeildarhringinn.

Íslensk verkalýðshreyfing og íslenskt launafólk verður því að beita afli og mætti sínum, til að ná til sín réttlátari sneið af kökunni.

Krafan er að fólk fái borgað mannsæmandi laun fyrir vinnu sína.

En hverju svara atvinnurekendur?

Svarið er: **Nei! Við höfum ekki efni á þessu. Það er ekki til peningur fyrir alla, bara suma.**

Þeir hafa holað hljóð. Þegar hlustað er á forráðamenn ríkisstjórnarinnar ræða um efnahags- og kjaramál, er bjart framundan. Annar stjórnarflokkurinn stærir sig meira að segja af því að það sé ekki nema eðlilegt að almenningur geri kröfur um hækkun launa, því svigrúmið sé fyrir hendi.

En þegar til kastanna kemur er svarið Nei.

Með atvinnurekendur í broddi fylkingar er fólk með laun á bilinu 200-400 þúsund kr. boðið 3,5% launahækkun og íspinna í kaupbæti!

Það á að vera nóg.

En ekki fyrir þá sem eru með þrjár til sex miljónir á mánuði - það er allt annar Óli.

Þeir eru atvinnulífinu svo mikilvægir.

Það verður að halda þeim við efnið,

þeir eiga skilið háa kaupauka því annars fer þjóðfélagið þráðbeint á hausinn.

Eigum við að sleppa þessum snillingunum lausum aftur og taka svo við næsta hruni eins og ekkert sé?

Er þetta rugl eitthvert náttúrulögmál?

Nei, að sjálfsögðu ekki!

Það er tími til kominn að almenningur á Íslandi fari að taka í taumanna!

Ísland er ekki fátækt land. Við erum ekki þjád að hori og beinkröm.

Við erum rík þjóð!

Náttúruauðæfi landsins eru gríðarleg og leitun er að öðru landi sem er þjóð sinni svo gjöfult. Svo ég tali nú ekki um ef við miðum við fólksfjölda. Við eigum gjöful fiskimið. Við búum að miklum möguleikum á raforkuframleiðslu svo ekki sé minnst á nýju auðlindina; ferðamenskuna sem byggir á náttúru okkar og víðerni. Öll þessi miklu auðæfi ættu að veita okkur, þessari 300 þúsund manna þjóð, fáheyrð lífsskilyrði og velmegun. En það er öðru nær.

- Það eru maðkar í mysunni!
- Það eru skemmd epli í tunnunni!
- Það eru samfélagsdólgar á ferðinni!

Stórtækar breytingar á skattkerfinu leiða til þess að almenningur þarf að taka á sig þyngri byrðar, en auðkonum og auðmönnum skal boðið í dans. Arðurinn og rentan af sjávarútveginum lendar í vösum fárra aðila, sem varðir eru af leigupýi við Austurvöll. Arðurinn af stóriðjunni lendar meira og minna í höndum erlendra eigenda með hókus-pókus gjörningum. Ráðherrar íslensku þjóðarinnar eru skósveinar viðskiptajöfra í sendiferðum erlendis.

- Þeir lækka veiðigjöldin svo stóreignamenn megi græða meira.
- Þeir hækka matarskattinn svo barnafjölskyldur fái að greiða meira.
- Þeir þrengja að lánasjóðnum svo fátæku námsmennirnir geti haft það verra.

- Þeir hækka komugjöldin þannig að sjúkir fái að blæða.

Dreifing auðs með jöfnuði að leiðarljósi er hugmyndafræði sem við virðumst vera að fjarlægjast. Þróun samfélags á að snúast um samvinnu – samtal – virðingu og velferð.

Það sem einkennir hið svokallaða Norræna velferðarmódel er meðal annars sterk velferðarkerfi. Velferðarkerfi sem byggir á samtryggingahugsjón, þar sem við hjálpumst að. Þeir sem þurfa á aðstoð að halda, fái hana, án tillits til efnahags.

Menntun sé boðleg fyrir alla, óháð efnahag.

Heilbrigðisþjónusta sé fyrir alla, óháð efnahag.

Samfélagslegt uppeldi barna okkar sé vel útfært, fyrir alla, óháð efnahag.

Þessi samtryggingarhugsjón á Norðurlöndum hefur skilað sér í sterkari og stöðugri samfélögum.

Þvert á allar spár frjálshyggju postulanna og viðskiptaráðs, þá eru það samfélög þar sem jöfnuður og félagshyggja er í fyrirrúmi, sem gefa bestu lífsgæðin.

Við verðum að vera á varðbergi nú þegar einkavæðingarjarlarnir eru aftur komnir af stað. Þróunin undanfarin ár ógnar samtryggingarhugsjóninni og nú eru úlfarnir farnir að heimta sitt:

- Einkavæðingu íslenskrar náttúru
- Einkavæðingu- og einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu
- Einkavæðingu- og einkarekstur menntastofnana
- Einkavæðingu orkugeirans
- Einkavæðingu bankageirans

Góðir félagar

Við stöndum nú á tímamótum þar sem teknar verða afdrifaríkar ákvarðanir um afdrif þjóðarinnar. Nú standa yfir einhver mestu og illvígustu átök á vinnumarkaði sem sést hafa í áratugi. Fullkomið vantraust og trúnaðarbrestur er á milli aðila. Við höfum séð hvernig atvinnurekendur koma fram. Á almenna markaðnum greiða fyrirtækin milljarða arð til eigenda sinna og segja launafólki

að éta það sem úti frýs. Ríkisvaldið gerir hina ríku ríkari og rekur samningastefnu þar sem beinlínis er hvatt til átaka.

Það er tími til kominn að launafólk sýni mátt sinn og megin. Félögum okkar í verkfallsbaráttunni óska ég velfarnaðar. Hjarta okkar slær með ykkar í dag. Stöndum saman!

Tryggjum að dólgarnir steli EKKI undan okkur sameiginlegum auðæfum, verjum velferðarsamfélagið og gleymum því ekki að á æviköldi okkar viljum við gjarnan geta horft í augu barnabarnanna og sagt með reisn; „Kútur litli, ég barðist fyrir þig og landið okkar allra“.

Til hamingju með daginn félagar.